

Frá Bjarna framkvæmdastjóra SASS

Stjórn SASS fjallaði um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Framkvæmdastjóri sambandsins sendi meðfylgjandi erindi á sveitarstjórnir 28. febrúar sl. Þar hvetur hann sveitarfélög til að taka málið upp til formlegrar umfjöllunar og þegar fyrir liggir á hverjum stað hvernig bregðast eigi við verði upplýsingar sendar til sambandsins.

Stjórnin tekur undir mikilvægi þess að hvert og eitt sveitarfélag taki frumvarpið til umfjöllunar í sveitarstjórn og með byggingar- og skipulagsfulltrúum. Að óbreyttu tekur ákvæðið um faggildingu byggingarfulltrúa gildi 1. janúar 2019. Frá þeim tíma þurfa sveitarfélög að hafa faggiltan aðila í starfi til að sinna þessu eða fá utanaðkomandi aðila þess s.s. hjá löggildingarstofnum. Ljóst er að tilkostnaður sveitarfélaga og/eða byggingaraðila eykst við þetta. Stjórn SASS telur að fresta eigi gildistöku ákvæðisins um faggildinu um óákveðinn tíma.